

## 069/01 - Glófaxi VE 300

Glófaxi VE 300, yfirhitun í legu á skrúfuöxlí

### Glófaxi VE 300

**Skipaskr.nr.:** 0968

**Smíðaður:** Boizenburg Þýskalandi 1964 Stál

**Stærð:** 243,00 brl; 349,00 bt

**Lengd:** 38,95 m **Breidd:** 7,20 m **Dýpt:** 6,05 m

**Vél:** Callesen 552,00 kW **Árgerð:** 1975

**Annað:**

**Földi skipverja:**



Glófaxi©Olgeir Sigurðsson

### Atvikalýsing

Þann 24. mars 2001 var Glófaxi VE-300 á útleið frá Vestmannaeyjum.

Þegar komið var rétt út fyrir hafnargarðanna í Vestmannaeyjum fylltist allt af reyk.

Tveir reykkafarar voru sendir niður í vélarrúm til að kanna málið og komust þeir að því að yfirhitun hafði orðið í legu á skrúfuöxlí. Öxullinn hafði rauðhitnað og legan bráðnað niður. Enginn eldur var laus í vélarrúminu og var skipið reykræst eftir komu í höfn aftur.

### Við rannsókn kom fram

- að lega á skrúfuöxlí hafði yfirhitnað og brætt úr sér;
- að enginn óeðlilegur titringur fannst áður en reyksins varð vart;
- að þungasmurningur var á legunni og smurolía á hæðartanki;
- að lega var svo illa brunnin á eftir að ekki var hægt að finna neitt út úr henni;
- að enginn viðhlítandi skýring fannst um orsök.

### Nefndarálit

Nefndin telur ekki tilefni til að álykta í málinu.